# Föstudagur 12. maí



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (20)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Kátir krakkar (12)** (The Vid Kids). Kanadískur myndaflokkur í þrettán þáttum. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Austurbæingar.** Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur með hinum óviðjafnanlega Benny Hill og félögum. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Já!** Þáttur um listir og menningu líðandi stundar. Umsjón Eiríkur Guðmundsson.
21.20 **Derrick.** Þýskur sakamálaflokkur með Derrick lögregluforingja sem Horst Tappert leikur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.25 **Í nafni laganna** (I lagens namn). Sænsk bíómynd frá 1986, byggð á sögu eftir Leif G.W. Persson. Leikstjóri Kjell Sundvall. Aðalhlutverk Sven Wollter, Anita Wall, Stefan Sauk og Pia Green. Lögregluþjónn grunar félaga sína um að vera of harðhentir við fanga. Hann reynir að fylgjast með þeim en þeir eru varir um sig. Þýðandi Trausti Júlíusson.
23.50 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Í utanríkisþjónustunni.** Protocol. Goldie Hawn fer ekki út af sporinu í þessari mynd þar sem hún fyrir hreina tilviljun er ráðin til starfa hjá utanríkisráðuneytinu til þess að útkljá viðkvæmar samningaviðræður í Mið-Austurlöndum. Aðalhlutverk: Goldie Hawn, Chris Sarandon, Richard Romanus og Andre Gregory.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.00 **Teiknimynd.** Teiknimynd fyrir alla aldurshópa.
20.10 **Ljáðu mér eyra.** Umsjón: Pia Hansson
20.40 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.10 **Strokubörnin** Runners. Reiðhjól finnst liggjandi á götunni og Rakel, ellefu ára, er horfin. Faðir hennar getur ekki á sér heilum tekið og gefur allt upp á bátinn til að leita dóttur sinnar. Eiginkona hans lítur ekki sömu augum á málið og sættir sig við að Rakel sé að öllum líkindum látin. Hún fær þó heimilisföðurinn ekki á sitt band. Aðalhlutverk: James Fox, Kate Hardie, Jane Asher og Eileen O'Brien. Ekki við hæfi barna.
22.45 **Bjartasta vonin.** The New Statesman. Breskur gamanmyndaflokkur um ungan og efnilegan þingmann.
23.10 **Föstudagur til frægðar.** Thank God It's Friday. Það er föstudagskvöld. Eftirvæntingin á einum af stærstu skemmtistöðunum í Hollywood er í hámarki. Danskeppni er að hefjast og hin óviðjafnanlega hljómsveit „The Commodores" er væntanleg á sviðið á hverri mínútu. Útvarpsmaðurinn og plötusnúðurinn Bobby eygir gullið tækifæri til að koma sjálfum sér á framfæri. Aðalhlutverk: Donna Summers, The Commodores, Valerie Langburg, Terri Nunn og Chick Vennera.
00.40 **Banvænn kostur.** Terminal Choice. Læknisferill Franks hangir á bláþræði þegar annar sjúklingur hans í röð deyr. Skyndilega rennur upp fyrir honum að dauði sjúklinga hans er ekki með öllu eðilegur og eitthvað annað, meira og flóknara en afglöp hans búa þarna að baki. Aðalhlutverk: Joe Spano, Diane Venora og David McCallum. Alls ekki við hæfi barna.
2.15 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, Ingólfur Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Krákubrúðkaupið" eftir Önnu Wahlenborg. Ingólfur Jónsson frá Prestbakka þýddi. Bryndís Baldursdóttir les fyrri lestur. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Kviksjá** – „Söngvar Svantes". Fyrri þáttur. Umsjón: Pétur Már Ólafsson. (Endurtekinn frá þriðjudagskvöldi.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Maðurinn á bak við bæjarfulltrúann.** Umsjón: Finnbogi Hermannsson. (Frá Ísafirði)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti mánudaginn 29. maí.)
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Nýjungar í skólastarfi . Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. (Einnig útvarpað nk. miðvikudagskvöld kl. 21.30.)
13.35 **Miðdegissagan:** „Brotið úr töfraspeglinum" eftir Sigrid Undset.. Arnheiður Sigurðardóttir þýddi. Þórunn Magnea Magnúsdóttir les (13.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **„Vísindin efla alla dáð".** Annar þáttur af sex um háskólamenntun á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Símatími. Sími barnaútvarpsins er 91 38500 Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Arnar Páll Hauksson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Krákubrúðkaupið" eftir Önnu Wahlenborg. Ingólfur Jónsson frá Prestbaskka þýddi. Bryndís Baldursdóttir les fyrri lestur. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Blásaratónlist.** – Þættir úr Serenöðu nr. 10 í B-dúr fyrir 13 blásara eftir W.A. Mozart. Blásarar úr Fílharmóníusveit Berlínar leika. (Af hljómplötu.)
21.00 **Norðlensk vaka.** Þriðji þáttur af sex um menningu í dreifðum byggðum á Norðurlandi og það sem menn gera sér þar til skemmtunar á eigin vegum. Umsjón: Haukur Ágústsson. (Frá Akureyri)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Tónlistarmaður vikunnar** – Úlrik Ólason kórstjóri. Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn Samhljómsþáttur frá fimmtudagsmorgni.)
1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## Rás 2 FM 90,1

1.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Jón Örn Marinósson segir Ódáinsvallasögur kl. 7.45. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91 38500. – Hugmyndir um helgarmatinn og Ódáinsvallasögur eftir kl. 18.30.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir.
3.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11.
**Ómar Valdimarsson** stýrir umræðunum.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.**
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni.
2.00 **Næturdagskrá.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturstjörnur.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Rót Útvarp FM 106,8

09.00 **Rótartónar.**
11.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur. E.
13.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Hilmars V. Guðmundssonar og Alfreðs Jóhannssonar.
15.00 **Dýpið.** Tónlistarþáttur í umsjá Eyþórs Hilmarssonar og Ellerts Þórs Jóhannssonar.
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Í hreinskilni sagt. Pétur Guðjónsson.**
**18.00 Upp og ofan**
19.00 **Opið.** Reynir Smári.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur með Kidda kanínu og Þorsteini Högna.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
2.00 **Næturvakt** til morguns með Jónu de Groot. Svarað í síma 623666.

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **IR.**
14.00 **IR.**
16.00 **MH.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **MS.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt Útrásar.** Óskalög, kveðjur og góð tónlist. Sími 680288.
04.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM·102,9

17.00 **Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálftímakennslu úr Orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. (Endurtekið á mánudagskvöldum.)
19.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Leikin létt tónlist og sagt frá menningar- og félagslífi á komandi helgi.

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.05 **Denni dæmalausi.**
5.30 **The Lucy Show.**
8.00 **Poppþáttur.**
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
12.00 **General Hospital.** Sakamálaþáttur.
13.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.00 **Loving.**
14.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
18.00 **Sale Of The Century.**
18.30 **Bring 'Em Back Alive.**
17.30 **Kvikmynd.**
21.30 **Jameson Tonight.**
22.30 **Police Story.**

## EUROSPORT

16.00 **Íróttakynning Eurosport.**
17.00 **Sund.** GDR–USSR.
18.00 **Hornabolti.** Frá Bandaríkjunum.
19.00 **Tennis.** The Audi International.
20.00 **Tennis.** Monte Carlo Open.
21.00 **Íshokkí.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólmi. Samantekt.
23.00 **Íróttakynning Eurosport.**



**Sven Wolter leikur Jarnebring lögregluforingja sem fær það verkefni að rannsaka ofbeldi hjá félögum sínum.**

### Sjónvarp kl. 22.25:

# Í nafni laganna

Sjónvarpið sýnir í kvöld nýlega sænska kvikmynd, Í nafni laganna (I lagens namn). Er hún gerð eftir skáldsögu Leif G.W. Persson sem tekur yfirleitt sönn lögreglumál og semur í kringum þau.

Fjallar myndin um nokkra meðlimi í mótorhjólasveit lögreglunnar. Þeim er mikið í mun að halda friðinn og eru ekki að veigra sér við að láta smákrimma finna fyrir kylfum ef þeir eru með einhver uppsteyt.

Foringinn er Häll ungur og áhugasamur lögreglumaður sem er orðinn háður því að beita ofbeldi og lifir í eigin veröld þar sem það er hann sem setur lögin. Nær öruggt er að ef einhver mótmælir honum þá má hinn sami eiga von á að verða laminn. Mottóið hjá mótorhjólalögreglumönnunum er sem sagt: Sláðu fyrst og spurðu svo.

Grunur yfirmanna lögreglunnar vaknar þegar gamall maður verður fyrir heilaskemmd eftir að hafa lent í höndum mótorhjólasveitarinnar. Jarnebring er lögregluforingi sem trúir á gamlar hefðir og fær hann málið til rannsóknar. Hann er fljótur að reka sig á vegg því enginn vill verða til þess að vitna gegn félögum sínum . . . -HK

### Stöð 2 kl. 21.10:

# Strokubörnin

James Fox leikur aðalhlutverkið í myndinni Strokubörn (Runners) sem sýnd er í kvöld. Mynd þessi er dularfull sakamálmynd. Fjallar myndin um leit föður að týndri dóttur sinni.

Í byrjun myndarinnar hverfur ellefu ára stúlka, Rakel. Hjólið hennar finnst en stúlkan hefur gufað upp. Eftir að allri leit hefur verið hætt og móðirin gefið upp alla von um að finna barnið heldur faðirinn áfram leitinni. Hann er handviss um að dóttir hans sé á lífi og að hún sé viðriðin unglingaglæpastarfsemi, trúarofstæki eða unglingavændi. Hann ætlar sé að finna hana og ekkert getur stöðvað hann.

Leikstjóri myndarinnar er Charles Sturridge og vakti þessi mynd nokkurt umtal þegar hún var fyrst sýnd. -HK



**James Fox og Jane Asher leika aðalhlutverkin í Strokubörn.**



**Diskódansinn er þema myndarinnar Föstudagur til frægðar.**

### Stöð 2 kl. 23.10:

# Föstudagur til frægðar

Þótt diskótónlistin hafi verið á niðurleið á undanförnum árum er alltaf einhverjir sem hafa gaman af slíkri tónlist. Þeim hinum sömu er bent á Föstudag til frægðar (Thank God it's Friday).

Myndin var gerð 1978 þegar diskóæðið var í hámarki. Diskótónlist í flutningi Donnu Summer, The Commondores og fleiri dunar í eyrum frá byrjun til enda. Söguþráður er ekki merkilegur. Gerist myndin svo til að öllu leyti á diskóteki þar sem undirbúningur fyrir mikla danskeppni er í fullum gangi. Vongóðir keppendur æfa sig of rómantíkin blómstar. Og að sjálfsögðu endar myndin með heljarmikilli diskósýningu.

Í myndinni koma fram tveir leikarar sem síðar urðu þekktir. Jeff Goldblum leikur diskóteksigeandann og í litlu hlutverki bregður fyrir Debru Winger. -HK